

Samstarfshópur um málefni miðborgar

Ár 2021 þriðjudaginn 30. nóvember var haldinn 5. fundur samstarfshóps miðborgarmála. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11.00. Viðstödd voru Þorsteinn Gunnarsson formaður samráðshópsins, Arnar Guðmundsson, Ágúst Elvar Bjarnason, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Guðrún Jóhannesdóttir, Íris Elfa Þorkelsdóttir, María Rut Reynisdóttir, Björg Jónsdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir, Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Árný Sigurðardóttir, Finnur Bogi Hannesson, Guðrún Jóhannesdóttir, Sigprúður Erla Arnardóttir, Tinna Jóhannsdóttir, Sævar Hilmarsson, Ólafur Stephensen, Pétur Andreas Maack, Þórunn Edda Magnúsdóttir og Árný Sigurðardóttir. Fundargerð ritaði Jón Halldór Jónasson.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á undirbúningi fyrir nýtt hagfélag miðborgarinnar. Guðný María Jóhannsdóttir fór yfir stöðuna. Næstu skref eru að fulltrúar rekstraraðila í vinnuhópnum munu fá lögfræðing til að útbúa samþykktir fyrir nýtt félag. Mögulegt er að boðað verði til stofnfundar fyrir nýtt félag á fyrstu mánuðum nýs árs.
2. Þorsteinn Gunnarsson óskaði eftir sjónarmiðum þátttakenda í samstarfshópi um málefni miðborgar um framhald á vinnu hópsins og starfandi vinnuhópa.
3. Fram fer kynning niðurstöðum könnunar sem gerð var í sumar um viðhorf til göngugatna. Pétur Maack á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar kynnti.
4. Fram fer kynning á áherslum Jólaborgarinnar í ár. Björg Jónsdóttir, verkefnisstjóri Borgarinnar okkar, kynnti.
5. Tekin fyrir önnur mál:
 - a. Fram fer kynning á úthlutun úr Miðborgarsjóði. Guðný María kynnti.
 - b. Upplýst um fyrirhugaða kynningu á rannsókn sem gerð var meðal heimamanna á fjórum stöðum á Íslandi m.a. 101 Reykjavík hvort faraldurinn hefði breytt afstöðu heimamanna til ferðapjónustu og ferðamanna.

Fundi slitið kl. 11.45